



Alcro Brennicks Trä Brandskyddsfärg

Vörunr. 2640

Lýsing

Alcro Brennicks Trä Brandskyddsfärg (2640) er vatnspynnaleg eldvarnarmálning sem ver við gegn eldi. Málningin getur komið yfirborðum í eldvarnarflokka 1 og 2 og er viðurkennt af SITAC ("Swedish Institute for Technical Approval in Construction").

Notkun

Alcro Brennicks Trä Brandskyddsfärg (2640) hentar á við innanhúss og á áður málaða fleti þar sem nauðsynlegt er tryggja tiltekna eldvörn. Einnig er mögulegt að nota efnið utanhúss. Hægt er að mála yfir efnið með plastmálningu til að fá meira úrval í lit og gljáa.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Hvítt	Þurrefni: 83 % (rúmmál)
Gljástig: Matt	Þynnir: Vatn
Pakkningar: 12,5 kg	Áhaldahreinsir: Heitt vatn
Efnisnotkun: 400 g/m ² ⇒ 3,3 m ² /l – 270 µm þurrfilma	Þurrktími: 8 klst
Eðlisþyngd: 1,31 kg/l	

Undirmálun

Ekki þarf að grunna sérstaklega undir Alcro Brennicks Trä Brandskyddsfärg (2640).

Yfirmálun

Ekki þarf að mála yfir Alcro Brennicks Trä Brandskyddsfärg (2640) en þó er mælt með að mála yfir með plastmálningu, t.d. Bett, til að hlífa eldvörninn gegn hnjaski og raka.

Áhöld

Pensill, rúlla eða sprauta. Þvoið áhöld strax eftir málun með heitu vatni.

Vinnutilhögun

Fjarlægð laust yfirborð, ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi af fletinum. Áður málaðir fletir skulu mattaðir. Flöturinn á að vera hreinn og þurr. Lakkið síðan tvær umferðir með eldvörninni **Alcro Brennicks Trä Brandskyddsfärg** (2640). Til að fá eldvörn í 1 flokki þá þarf $400 \text{ g/m}^2 = 0,3 \text{ lítra/m}^2$ af eldvörninni á flötinn (200 g/m^2 í hverri umferð). Málið yfir með Bett 10, 20 eða 35.

Athugasemdir

- Við lökkun má hitastig ekki vera undir 10°C . Málningin er viðkvæmt gagnvart raka og skal loftraki ekki vera meiri en 65 %.
- Alkýmálningu má alls ekki nota yfir eldvarnarkerfið.

Varúðarmerkingar

Við venjulega vinnu með **Alcro Brennicks Trä Brandskyddsfärg** telst hættan á heilsutjóni vera lítil. Varist að anda inn sprautuúða. Komist efnið í snertingu við auga skal skola það strax með vatni í a.m.k. 10 mínútur.

Geymist þar sem börn ná ekki til.